

Frístundaver-upplýsingar og reglur

- Frístundaver er undir stjórn yfirumsjónarmanns.
- Næsti yfirmaður umsjónarmanns er skólastjóri.
- Frístund er starfrækt frá því skóla lýkur á daginn og til kl. 16:30 í Hamarsskóla.
- Foreldrar ráða hve mikið af tímanum þeir nýta sér, en þeir þurfa að skrá og skila inn skipulagi um hvernig þeir ætla að nýta tímann þegar stundatöflur hafa verið birta. Ef skipulag breytist þarf að tilkynna það með góðum fyrirvara.
- Frístundaver er opið alla virka daga skólaársins skv. skóladagatali en að auki er boðið upp á heilsdagsvistun á starfsdögum og í vetrarleyfi skóla.
- Vistunar- og fæðisgjöld:
 - Sjá gjaldskrá Vestmannaeyjabæjar en gjöldin taka breytingum skv. launa- og neysluvísitölu.
Vistunar- og fæðisgjöld skal greiða fyrirfram.
Ekki er innheimt fyrir dagana í ágúst og júní á móti því að fullt gjald er innheimt fyrir alla aðra mánuði starfsársins. Innheimt er aukalega fyrir morgunvist.
 - Systkinaafsláttur gildir ef barn á systkini í leikskóla eða frístundaveri.
Forráðamenn greiða fullt gjald fyrir eitt barn, 50% vistunargjalds fyrir annað barn og gjald fyrir þriðja barn er fellt niður.
 - Foreldri getur sótt um niðurgreiðslu sem einstætt foreldri en þá eru veittur 40% afsláttum af gjöldum frístundavers. Sama á við ef báðir foreldrar eru í ólánshæfu bnámi.
 - Afsláttur gildir á lágsta gjaldi, óháð dvalartíma. Afsláttur gildir ekki fyrir máltíðir. Sækja þarf sérstaklega um niðurgreiðslu á þar til gerðu eyðublaði eða í íbúagáttinni.
- Foreldrar þurfa að tilkynna til starfsmanna ef barnið mætir ekki.
- Æskilegt er að fót barnsins séu vel merkt, svo og aðrar eigur þess eins og skólataska, íþróttapoki og íþróttaskór.
- Nauðsynlegt er að barnið hafi í skólatöskunni sinni aukasokka og léttar aukabuxtur, t.d. stuttbuxur ef það hefur blotnað í skólanum fyrr um daginn.
- Segja þarf upp vistun með hálfmánaðar fyrirvara.

Fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyja